

REGLUGERÐ um nýfæði.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2015, frá 11. júní 2015, öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 46, frá 20. ágúst 2015, bls. 446.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 frá 20. september 2001 um ítarlegar reglur um að gera tilteknar upplýsingar aðgengilegar almenningi og um verndun upplýsinga sem lagðar eru fram samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55, frá 17. september 2015, bls. 349.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97:

- a. a- og b-liður 2. mgr. 1. gr. fellur brott.
 - b. 2. málslíður 2. mgr. og 3. mgr. 3. gr. falla brott.
 - c. d-liður 1. mgr. 8. gr. fellur brott.
 - d. 9. gr. fellur brott.
 - e. Í stað 1. málslíðar 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur nýr málslíður, svohljóðandi:
4. Þrátt fyrir 2. mgr. gildir málsméðferðin, sem um getur í 5. gr., um matvæli og innihaldsefni matvæla, sem um getur í d- og e-lið 2. mgr. 1. gr. og sem á grundvelli fyrirliggjandi og almennt viðurkenndra vísindagagna eða á grundvelli álits einhvers þeirra lögþærða aðila, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., samsvara í aðalatriðum þeim matvælum eða innihaldsefnum matvæla sem þegar eru til að því er varðar samsetningu, næringargildi, efnaskipti, fyrirhugaða notkun og styrk óæskilegra efna í þeim.

3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerð þessi er jafnframt til innleiðingar á 38. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1829/2003 frá 29. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fóður. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. október 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.